Leikskólinn Lundarsel 2013

**Mælanleg eða skýr markmið:**

Þekkja ~~nöfnin~~ börnin með nafni í hópastarfs -hópnum (5-8 börn)

Vita hvað tekur við næst / þekkja dagskipulagið í skólanum

Horfa í augun á börnunum /augnhæð þegar fyrirmæli eru gefin og ávallt inniródd

Aðstoða starfsfóstruna í hópastarfi/vera með í hópastarfi

Undirbúa að minnsta kosti eina samverustund og vera með eina samverustund á tímabilinu ☺

Athuga vel reglur deildarinnar og minna börnin á þær þegar við á

Lesa deildarbraginn (hefðir og reglur, hvernig hlutirnir eru gerðir) og spyrja ef eitthvað er óljóst

Læra orðaforða leikskólans og átta sig á hvernig dagurinn gengur.

----

**Ætlast til að neminn :**

Bjóða góðan daginn

Heilsa foreldrum, börnum og samstarfsfólki.

Taka þátt í rólegum leik fram að morgunmat

Sitja til borð og aðstoða börnin við morgunverðaborðið.

Þurrka af morgunverðaborðinu og sópa ef það þarf.

Fara í kaffi (kl. 8:45 eða kl 10)

Taka þátt í leik með börnunum, eða spila við börnin eða föndra með þeim eða finna uppá einhverju skemmtilegu í leiktíma með þeim

Taka þátt í hópastarfinu með starfsfóstrunni (frá 10:30-11:30)

Kveðja börn og samstarfsfólk.